

# Tekjur á ellilífeyrisaldri nú og í framtíðinni

Ásmundur Stefánsson

Vinarkveðja til Hrafns Magnússonar

við starfslok hans 2011

# Fyrirlestur 2004

## Vandamál?

- Öldruðum fjölgar ört
- Virkir á vinnumarkaði hafa stöðugt fyrir fleirum að sjá
- Heilbrigðiskerfið verður stöðugt dýrara
- Halli hins opinbera mun vaxa
- Ungu fólkið mun ekki geta séð fyrir þeim gömlu
- Aldraðir munu búa við fátækt og ófullnægjandi þjónustu

## Nei:

- Aldraðir munu hafa tekjur til að sjá fyrir sér sjálfir
- Aldraðir munu með eigin sköttum greiða meira en nemur þjónstu hins opinbera við þá


# Hlutfall af landsframleiðslu

	2004	2040
Opinber útgjöld til ellilífeyris	2,3%	1,2%
Útgj. til heilbrigðismála aldraðra	3,0%	4,9%
Samtals	5,3%	6,1%
Skatthlutdeild aldraðra	4,7%	8,6%
Til ráðstöfunar í annað	-0,6%	2,5%

Heimild: Erindi ÁS árið 2004

# Tekjur aldraðra

- Greiðslur frá almannatryggingum
- Greiðslur frá lífeyrissjóðum
- Fjármagnstekjur
- Útborgun séreignarsparnaðar
- (Atvinnutekjur)



Fjárhagslegt sjálfstæði  
Fjármagna þjónustu við sig sjálfir

# Hlutfall undir lágtekjuviðmiðun

Árið	2006	2007	2008	2009	2010
Lágtekjuviðmiðun	111þkr	126þkr	141þkr	161þkr	158þkr
Landsmenn allir undir viðmiðun	9,6%	10,1%	10,1%	10,2%	9,8%
65+ sem býr einn/ein	27,6%	43,0%	35,8%	31,0%	12,7%
Hjón amk. annað 65+	1,6%	2,7%	5,0%	2,3%	3,6%
65+ samtals	11,8%	15,1%	15,0%	12,4%	4,9%


Heimild: Hagstofa Íslands

# Hámarksgr. TR, haustið 2011, búa ein

Ellilífeyrir	31.667 kr
Tekjutrygging	99.929 kr
Heimilisuppbót	29.449 kr
Framfærsluuppbót	35.095 kr
<b>Samtals</b>	<b>196.140 kr</b>

Heimild: Heimasíða TR

# Tekjutengingar TR og Lsj, búa ein



Heimild: Fjárhæðir og skerðingar skv heimasíðu TR og skattar skv heimasíðu RSK  
Eingreiðslur eru ekki teknar með

# Hvenær falla bætur TR niður?


## Við eftirtaldar greiðslur úr lífeyrissjóði falla bætur TR niður

Framfærsluuppbót	70.121 kr
Heimilisuppbót	232.064 kr
Tekjutrygging	232.089 kr
Ellilífeyrir	341.270 kr

Heimild: Unnið út frá gögnum á heimasíðu TR




# Tekjutengingar TR og Lsj, hjón



Heimild: Fjárhæðir og skerðingar skv heimasíðu TR og skattar skv heimasíðu RSK  
Eingreiðslur eru ekki teknar með

# Fjöldi með bætur TR



Heimild: Heimasíða TR

# Hlutfall skatts og skerðinga

Greiðslur úr lífeyrissjóði	Skattur og skerðing
0-70 þ.kr	100%
70-230 þ.kr	75%
230-340 þ.kr	55%
340-	40%


Tölur afrúnnaðar

# Hvað aukast ráðstöfunartekjur?

Tekjur frá lífeyrissj.	Tekjuauki eftir skatt og skerðingar	Hlutfall skatta og skerðinga	Eftir standa
70.121	0	100%	0%
232.064	55.015	76,3%	23,7%
232.089	55.128	76,3%	23,7%
341.270	103.983	69,5%	30,5%


Heimild: Unnið út frá gögnum á heimasíðum TR og RSK

# Tekjur eftir uppruna, búa ein




Heimild: Unnið út frá gögnum frá RSK um skattframtöl einstaklinga 67+

# Tekjur eftir uppruna, hjón




Heimild: Unnið út frá gögnum frá RSK um skattframtöl hjóna þar sem bæði eru 67+

# Hlutfall tekna frá TR og Lsj, búa ein



Heimild: Unnið út frá gögnum frá RSK um skattframtöl einstaklinga 67+.


# Tekjuliðir eftir aldri, búa ein



Heimild: Unnið út frá gögnum frá RSK um skattframtöl einstaklinga 67+




# Tekjuliðir eftir aldri, hjón




Heimild: Unnið út frá gögnum frá RSK um skattframtal hjóna sem bæði eru 67+

# Tekjur án fjármagnstekna, hjón, 67+ Launavísitöluviðmiðun 2010




Heimild: Unnið út frá gögnum frá RSK um skattframtöl hjóna 67+  
Fjöldi hjóna er deilt í heildartekjur.

# Tekjur án fjármagnstekna, búa ein, 67+ Launavísitöluviðmiðun 2010



Heimild: Unnið út frá gögnum frá RSK um skattframtöl einstaklinga 67+  
Fjöldi einstaklinga er deilt í heildartekjur.

# Greiðslur TR til ellilífeyris og tekjutryggingar



Heimild: Unnið út frá tölum á heimasíðu TR og verðlags- og launavísitölum Hagstofu

# Staðan í dag

- Með vaxandi greiðslum lífeyrissjóðanna
  - ❑ Hafa lífeyrisþegar sem heild nánast haldið í við almenna launaþróun þrátt fyrir samdrátt í greiðslum TR
  - ❑ Hefur TR getað einhent sér í að bæta stöðu lágtekjulífeyrisþega með hækkun skerðingarhlutfalla og lágmarksframfærsluviðmiðun TR
  - ❑ Tryggir TR nú lífeyrisþegum hærri framfærsluviðmiðun en kjarasamningar tryggja þeim lægst launuðu
- Greiðslur lífeyrissjóðanna nema nú yfir 40% tekna lífeyrisþega og fara vaxandi

# Staðan í dag

- Hvaða svar á að gefa verkakonunni sem fær ekkert eða mjög lítið eftir áraraða iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs?
- 74% fólks á ellilífeyrisaldri nýtur enn TR (2010)
- Geta lífeyrissjóðirnir lifað við að hið opinbera geri lífeyrisgreiðslur tekjulægstu ellilífeyrisþega upptækar svo og stóran hluta annarra lífeyrisgreiðslna?
- Séreignarsparnaður gengur einn greiddur ótruflaður til ellilífeyrisþega, að frádregnum skatti.

# Staðan í dag

- Með lífeyrissjóðauppbyggingunni hafa samningsaðilar og löggjafinn tryggt lífeyri
- Hver væri staðan ef lífeyrissjóðirnir væru ekki til?
- Það verður ekki aftur snúið
- Skerðingakerfið kemur illilega niður á lágtekjulífeyrisþegum
- Það verður að koma á frítekjumörkum og draga úr skerðingum.
- Eru frítekjumörkin stærra mál en skerðingarhlutföllin?

# Staðan í dag

- Þegar ASÍ samdi um lífeyrисиðgjöld af heildarlaunum í stað grunnlauna voru metin jöfnuð hvað kostnað snertir gagnvart opinberu sjóðunum þótt réttindakerfin væru ólík
- Opinberir starfsmenn endurnýjuðu forskotið með samningi um nýtt kerfi sem byggir á heildarlaunum með meiri réttindaávinnslu en ASÍ kerfið



# Staðan í dag

- Þegar ASÍ samdi um mótframlög atvinnurekenda í séreignarsparnað minnkaði munurinn aftur milli ASÍ og opinberra starfsmanna
- Opinberir starfsmenn jöfnuðu bilið að nýju með sambærilegum samningi um séreignarsparnað

# Staðan í dag

- ASÍ hefur nú gert skilyrtan samning um að SA jafni iðgjaldagreiðslur sjóða hins opinbera
- Opinberir starfsmenn knýja nú á um viðbótarframlög í sína sjóði (fari það fram verður ekki af hækkun hjá ASÍ og bilið eykst frá því sem nú er)
- Víxlhækkun eða umtalsvert framúrhlauð opinberra starfsmanna getur því verið framundan

# Staðan í dag

- Að mínu mati er ekki skynsamlegt að auka framlög í lífeyrissjóði verulega frá því sem nú er
  - Lífeyrisþegar sjá fram á að lífeyrir úr lífeyrissjóðum, að öðru viðbættu, gefi þeim þökkalega afkomu
  - TR mun tryggja lágtekjulífeyrisþega
  - Lífaldur kvenna er nánast hættur að aukast og lífaldur karla eykst hægar en áður og örorka mun vonandi ekki vaxa

# Staðan í dag

- Stjórnvöld gera rangt þegar þau vinna á móti samningsbundna lífeyriskerfinu
  - ❑ Óskynsamlegt að vinna gegn séreignarsparnaði sem gefur sveigjanleika í ráðstöfun eftir aðstæðum. Ákvörðun um séreignarsparnað er langtímamál og tímabundin frávik eru líkleg til að hafa langtíma áhrif
  - ❑ Óskynsamlegt er að gera það stóran hluta lífeyrisgreiðslna lágtekjufólks upptækan með skerðingu krónu fyrir krónu og skerða um þrjá fjóru langt upp eftir tekjuskalanum. Með því er samstaða um sjóðina sett í hættu
  - ❑ Óskynsamlegt er að gera kröfur til lífeyrissjóðanna um að þeir kosti aðgerðir á fjármálamarkaði. Skerðing á ávöxtun lífeyrissjóðanna leiðir til skertra réttinda lífeyrisþega.
  - ❑ Óskynsamlegt að færa skattlagningu lífeyrisréttinda til dagsins í dag til að leysa tímabundin fjárlagavandamál. Lífeyrisþegar þurfa á þeim skattgreiðslum að halda til að tryggja sér þjónustu í ellinni
- Ávöxtun almennt kann að falla varanlega án íhlutunar stjórnvalda



Lífeyrisþegar verða að verja stöðu sína

# Lífeyrissjóðakerfið er vel hannað

- Lífeyrisréttindi eru hluti heildarréttinda launafólks
- Samtenging lífeyrissjóða og hagsmunasamtaka á vinnumarkaði hefur gefið nauðsynlegan sveigjanleika til að aðlaga réttindi og iðgjöld að aðstæðum
- Í lífeyrissjóðakerfinu eru mannréttindi keypt á kostnað annarra þátta kjarasamninga
- Samtökunum eru takmörk sett varðandi tilfærslu tekna frá starfsævinni til elliáranna


# Svipaðar tekjur og hjá starfandi fólki

## Skattar sem fjármagna þjónustuna

- Er ekki ásættanlegt fyrir aldraða að búa við svipaðar tekjur og starfandi fólk?
- Er þjónustan ekki sæmilega trygg ef skattgreiðslur aldraða nægja til að fjármagna þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda?
- Er ekki meiri ástæða til þess að knýja á um úrbætur í þjónustu svo sem hjúkrunarþjónustu aldraða og félagslegu liðsinni?

# Framtíðarsýnin

- Ellilífeyrisþegar verða með tekjur till jafns við starfandi fólk og óháðir öðrum um tekjur
- Ellilífeyrisþegar verða gildir skattborgarar sem standi vel undir góðri þjónustu við aldraða
- Stjórnvöld misbeita ekki aðstöðu sinni gagnvart lífeyriskerfinu heldur vinna með samningsaðilum
- Samningsaðilar standa vel saman um traust lífeyriskerfi sem verður samræmt í sátt og endurmetið á hverjum tíma miðað við aðstæður, alltaf að vel hugsuðu máli



Við erum á réttri leið

Framtíðarsýnin frá 2004 stendur óhögguð

# Hlutfall af landsframleiðslu

	2004	2040
Opinber útgjöld til ellilífeyris	2,3%	1,2%
Útgj. til heilbrigðismála aldraðra	3,0%	4,9%
Samtals	5,3%	6,1%
Skatthlutdeild aldraðra	4,7%	8,6%
Til ráðstöfunar í annað	-0,6%	2,5%

Heimild: Erindi ÁS árið 2004